


Alþingi
Erindi nr. P 140/2099
komudagur 4.S. 2012

4.5.2012

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 30. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um ökutækjatrýggingar, 733. mál.

Samband íslenskra sveitarfélaga vísar til umsagnar sem send var Alþingi vegna sama máls á 139. löggjafarþingi, sbr. meðfylgjandi viðhengi. Þess er jafnframt vinsamlega óskað að fulltrúar sambandsins og Félags slökkviliðsstjóra fái tækifæri til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum á fundi efnahags- og viðskiptanefndar.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,
Guðjón Bragason



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b/t viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. júní 2011

1106001SA GB
Málalykill: 280

Efni: Umsögn um frv. til laga um ökutækjatrýggingar, 711. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 12. maí, þar sem óskað var umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp.

Um síðastliðin áramót tók gildi breyting á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, þar sem lögfest var það nýmæli að björgun á fastklemmdu fólki úr bifreiðum með sérhæfðum björgunarbúnaði skuli vera eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga. Árlegur rekstrarkostnaður sveitarfélaga á slíkum björgunarbúnaði (klippubúnaði) er áætlaður u.þ.b. 90 m.kr. en að auki var í kostnaðarumsögn umhverfisráðuneytisins gert ráð fyrir stofnkostnaði vegna þjálfunar og búnaðar, að fjárhæð ca. 500-600 m.kr.

Auk aðstoðar með klippubúnaði er algengt að slökkvilið sveitarfélags aðstoði lögreglu á vettvangi við umferðarstjórnun og hreinsun á vettvangi, einkum hvað varðar hreinsun á olíu og glerbrotum af yfirborði vegar. Kostnaður sveitarfélaga við alvarleg umferðaróhöpp vegna slíkrar aðstoðar getur hlaupið á hundruðum þúsunda. Sveitarfélög hafa í mörgum tilvikum sent tryggingafélögum reikning vegna umferðaróhappa en heimtur hafa verið misjafnar. Ef aðstoð er hins vegar veitt af einkaaðila, t.d. við að fjarlægja ökutæki af vettvangi, greiða tryggingarfélögin ávallt þann kostnað sem af hlýst.

Samband íslenskra sveitarfélaga beinir þeim eindregnu tilmælum til viðskiptanefndar að nefndin ræði sérstaklega í tengslum við ákvæði 4. og 5. gr. frumvarpsins, hver eigi að vera ábyrgð tryggingafélaga á greiðslu kostnaðar við aðkomu slökkviliða að umferðaróhöppum. Af hálfu sveitarfélaga er byggt á því sjónarmiði að ef nauðsynlegt er að veita slíka aðstoð beri að fella kostnað af þeim sökum undir váttryggingu viðkomandi ökutækis eða eftir atvikum váttryggingu ökutækis tjónvalds. Að áliti sambandsins er hér um að ræða tjón í skilningi umræddra frumvarpsgreina en í ljósi fenginnar reynslu er eðlilegt að hnykkst verði frekar á því í lögum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs